

85.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 20.desember 2017 og hófst kl. 12.00.

Mætt voru Erla, Hulda, Gry og Alex. Þórunn boðaði forföll.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Kraftlyftingafólk ársins 2017  
Stjórn KRAFT hefur valið Fanneyju Hauksdóttur og Júlían J. K. Jóhannsson kraftlyftingafólk ársins 2017 og fór valið fram í tölvupósti.  
Reglugerð um valið verður endurskoðuð og uppfærð.  
**Gry** sendir tillögu á stjórn.
3. Skil til afrekssjóðs 2017  
Lokaskil til afrekssjóðs vegna verkefni 2017 þarf að skila sem fyrst, í síðasta lagi 31.mars  
**Alex** er með málið. **Gry** klárar yfirlitið yfir landsliðsverkefni ársins.
4. Viðbótargreiðsla styrkja frá afrekssjóði  
Styrkurinn verður greiddur út samkvæmt áður samþykktu plani með þeim fyrirvara að stjórn getur kallað eftir nauðsynlegum skjölum og kvittunum ef á þarf að halda. Dagpeningar verða greiddir til yfirþjálfara afturvirkir fyrir allt keppnisárið.  
**Alex** gengur frá þessu.
5. Umsókn til afrekssjóðs 2018.  
Afrekssjóður hefur óskað eftir fyrstu drög að umsókn vegna 2018 fyrir 23.desember til að sjóðurinn getur áttað sig á umfang verkefna næsta árs.  
**Gry** er með málið.
6. Ráðning bókara.  
Samþykkt að ganga að tilboði bókara um færslu á bókhaldi 2017.  
**Alex** með málið.
7. Landsliðsmál.
  - Samþykkt tillaga landsliðsnefndar um að gera undanþágu vegna tveggja landsliðsmanna á grunnvelli 3.gr verklagsreglna um landsliðsval.  
**Hulda** sendir tilkynningu.
  - Endurskoðun landsliðssamninga.  
Uppfæra þarf texta landsliðssamnings til undirritunnar.  
**Gry** gerir tillögu og sendir á stjórn.
  - Fundur með landsliðsvalið  
Ákveðið að boða til fundar með landsliðsmönnum 8.jan 19.30 og boða jafnframt fagteymisaðilum að vera með.  
**Gry** boðar fund í Reykjavík. **Alex** boðar fund á Akureyri.
  - landsliðsbúningar  
**Gry** gerir tillögu um framtíðarfyrirkomulag.

8. Formannafundur.

Boðað hefur verið til formannafundar 14.jan nk. Dagskrá verður óbreyttur frá áður boðuðum fundi og fer út með seinna fundarboði.

9. Kraftlyftingaping 2018

Ákveðið var að boða til þings sunnudaginn 18.febrúar nk kl. 14.00 á Akureyri.

Uppstillinganefnd skipa Þórunn Lilja, María Guðsteins og Lára Bogey.

**Alex** athugar með húsnæði og fundarstjórn hjá ÍBA. **Gry** undirbýr þingið.

10. Dómaramál

Róbert hefur sett upp vettvang þar sem dómara geta forskráð sig á mót 2018. Verið er að fara yfir dómaraalista KRAFT og uppfæra.

**Gry** er með málið.

11. Önnur mál

**Hulda Elsa og Erla Kristín** verða fulltrúar KRAFT í hófi ÍSÍ vegna kjörs íþróttamanns ársins.

Upplýst að AKÍS hefur samþykkt að deila geymsluplássi með KRAFT og er það þegið með þökkum.

Fundi slitið 13.50

Fundarritari: Gry Ek